

„Ok þó kunna menn at telja ættir sínar til Hrómundar Gripssonar.“
Sagnaskemmtun á Reykhólum og Sturlunguhöfundur

Úlfar Bragason
Stofnun Sigurðar Nordals

Margt hefur verið ritað um athugagrein þá, sem er að finna í *Porgils sögu ok Hafliða* og fjallar um sagnaskemmtun í brúðkaupi á Reykhólum um Ólafsmessuskeið sumarið 1119. Enda hefur mörgum fræðimönnum þótt hún merkileg heimild um upphaf forneskjusagna. Hins vegar hefur ekki ríkt einhugur um ritunartíma sögunnar. Þá er orðalag greinarinnar fremur óskýrt og allhátíðlegt í samanburði við annað orðfæri sögunnar og því hafa verið skiptar skoðanir um tilurð hennar og merkingu.

Porgils saga ok Hafliða er eingöngu varðveitt í *Sturlunga sögu* eins og kunnugt er.¹ Sagnasamsteypan mun vera frá því um 1300 en hún er aðeins til í yngri handritum: tveimur skinnbókarhlutum frá 14. öld, *Króksfjarðarbók* (I) og *Reykjarfjarðarbók* (II), og pappírshandritum, þeim elstu frá 17. öld. Greinin er svohljóðandi í *Reykjarfjarðarbók*:

Frá því er nokkut sagt, er þó er lítil tilkváma, hverir þar skemmtu eða hverju skemmt var. Þat er í frásögn haft, er nú mæla margir í móti ok látast eigi vitat hafa, því at margir ganga dulðir ins sanna ok hyggja þat satt, er skrökvat er, en þat logit, sem satt er:² Hrólfur frá Skálmarnesi sagði sögu frá Hróngviði víkingi ok frá Óláfi Liðsmannakonungi ok haugbroti Þráins berserks ok Hrómundi Gripssyni - ok margar vísur með. En þessari sögu var skemmt Sverri konungi, ok kallaði hann slíkar lygisögur skemmtiligstar. Ok þó kunna menn at telja ættir sínar til Hrómundar Gripssonar. Þessa sögu hafði Hrólfur sjálf saman setta.³ Ingimundr prestur sagði sögu Orms Barreyjarskálds ok vísur margar ok flokk góðan við enda sögunnar, er Ingimundr hafði ortan, ok hafa þó margir fróðir menn þessa sögu fyrir satt [I:27].⁴

Texti athugagreinarinnar er ekki varðveittur í *Króksfjarðarbók* en í afritum hennar (Iþ) er hann ekki að öllu leyti eins og í *Reykjarfjarðarbók*, sérstaklega hefur verið rjálað við beinu

¹ Allar tilvitnanir í *Sturlungu* eru sóttar í útg. Jóns Jóhannessonar et. al. Sjá til samanburðar útg. Kálunds.

² Frá - satt er, að mestu sleppt í Iþ.

³ Þessa - setta, sleppt í Iþ.

⁴ ok - satt, sleppt í Iþ.

höfundarinnskotin. Er því ljóst að greinin hefur bögglast fyrir skrifurum fyrri alda ekki síður en fræðimönnum á seinni tímum.

Í þessu erindi er ætlunin að skoða greinina um sagnaskemmtun á Reykhólum sem hluta af sagnasamsteypunni í heild og leitast við að skýra hvaða skilning höfundur *Sturlungu* lagði í hana. Hver sem uppruni höfundarinnskotanna í athugasgreininni er skjóta þau svo skökku við í sögunni að þau hljóta að hafa haft sérstaka merkingu í huga Sturlunguhöfundar. Enda þekkti hann fullvel möguleikana sem fólust í frásögn fornsagna. Ber samsteypan ljósan vott um vinnulag hans og tilgang með verkinu.

Fyrri rannsóknir

Flestum eldri fræðimönnum þótti *Þorgils saga ok Hafliða* vera sögð af slíkum kunnugleika á efninu að hún gæti varla verið yngri en frá ofanverðri tólftu öld. Enda grípi sögumaður einu sinni inn í frásögnina með orðunum „at því sem mik minnir [1:49]“. Aðrir álitu tilvitnunina í Sverri konung Sigurðsson (1177-1202) í athugasgreininni um sagnaskemmtun á Reykhólum upprunalega í sögunni og töldu hana ritaða um 1200 (Halldór Hermannsson xix-xxiii; sjá ennfremur Ursula Brown x-xxix). Á síðari árum hafa menn orðið sammála um að athugasemdin í 20. kap. þar sem segir að skálinn á Staðarhóli hafi verið „óhrófligr, er Magnús biskup Gizurarson andaðist“, en hann lést 1237, sé eftir höfundinn og því muni sagan ekki eldri en frá þeim tíma. Hugmyndin um smásmygli í frásögn sögunnar „sé blekking, sprottin af því, hve höfundur drýgir frásögnina með samtölum, staðþekkingu, söguþekkingu og lífsreynslu sinni“ eins og Jón Jóhannesson komst að orði (Jón Jóhannesson 1946:xxiii). Þá benti Ursula Brown (Dronke) einnig á að stíll sögunnar væri huglægari en í mörgum seinni sagnanna í *Sturlungu* og höfundarinnskotin virtust öll runnin af sömu rót (Brown xxviii). Einar Ól. Sveinsson hreyfði þó mótmælum við að sagan væri svona ung enda benti málfar hennar til annars (Einar Ól. Sveinsson 1965:115-19; sbr. Foote 1955:67-70).

Kristian Kálund komst svo að orði um athugasgreinina um sagnaskemmtun á Reykhólum í grein sinni um handrit *Sturlungu* og samsetningu samsteypunnar:

Beretningen om, hvem der ved dette gilde morede folk med sagafortælling og digtning, gives med søgt højtidelighed, i vendinger der forudsætter tvivl angående meddelelsens troværdighed, og som minder om indledningen til forskellige æventyrsagaer, så at man fristes til at tro, at det efterfølgende ikke er så ganske pålideligt, ja snarest redaktørens egen spøgefulde opfindelse [Kálund 284-85].

A. L. Andrews gerði því einnig skóna að höfundur *Sturlungu* hefði aukið þessari athugasgrein inn í söguna og hélt líkt og Kálund að hann hefði verið að leika sér með athugasemdinni um bókmenntasmekk Sverris konungs enda hefði hann ekki talið sögu Hrólfs trausta (Andrews 386-88). Eins og ofangreindir fræðimenn áleit Finnur Jónsson söguna eldri en svo að athugasemdin um Sverri Sigurðsson gæti verið upprunaleg og minnti á að höfundur *Sturlungu* hefði víða breytt sögunum sem hann steypti saman (Finnur Jónsson 548). Andreas Heusler taldi aftur á móti að tvö lög væru í textanum. Annars vegar væru upplýsingarnar um sagnamennina og sögur þeirra úr sögunni sjálfri en hins vegar væri aukið inn í gagnrýni á þá sem tækju ekki **Hrómundar sögu Gripssonar* og **Orms sögu Barreyjarskálds* trúanlegar. Viðbæturnar væru þó litlu yngri en sagan (Heusler 20-27). Knut Liestøl leit einnig svo á að höfundur athugasemdana hefði treyst sögunum en hélt að öll greinin væri síðari viðbót, þótt henni hefði að líkindum verið bætt inn í söguna þegar um 1200 (Liestøl 74-75).

Björn M. Ólsen gerði ráð fyrir að sagan væri frá því eftir dauða Sverris konungs og sá ekki gildar ástæður til að gera ráð fyrir viðaukum á þessum stað. Hann leit ennfremur svo á að höfundurinn hefði dregið sannleiksgildi forneskjusagna í efa (Björn M. Ólsen 1902:207-10). Skoðun Sigurðar Nordals var einnig sú að sagan væri svo ung að ekki þyrfti að gera ráð fyrir viðaukum við textann um sagnaskemmtunina á Reykhólum þess vegna. Hann taldi þó að hugsanlega mætti greina þarna tvö lög í frásögninni því að höfundur sögunnar hefði stuðst við fróðleiksgrein um skemmtunina (Sigurður Nordal 216).

Flestir sem fjallað hafa að einhverju marki um umrædda athugasgrein á síðari árum gera heldur ekki ráð fyrir viðbótum við textann (Foote 1955-56; Hermann Pálsson 49-60; Einar Ól. Sveinsson 1965:22-25; Sverrir Tómasson 214-15; Sørensen 1993:42-50; sjá þó See 93). Enda eru menn nú gagnrýnni en áður á kenningar um síðari íauka í sögum og telja eðlilegast að leita fyrst skýringa á textum eins og þeir hafa varðveist.

Þótt í mörgum tilfellum sé unnt að færa óyggjandi sönnur á að höfundur *Sturlungu* hafi breytt texta sagnanna sem hann hafði fyrir sér er því ekki svo farið með athugasgreinina um sagnaskemmtun á Reykhólum. Það er því réttast að gera ráð fyrir að hún hafi öll staðið í þeirri *Borgils sögu ok Hafliða* sem hann fór eftir og sé að öllum líkindum upprunaleg í sögunni. Í framhaldi af því er unnt að túlka hana út frá samhenginu í þeirri sögu einni sem eins konar útúrdúr höfundarins eins og gert hefur verið á undanförmum árum. Þó er alls ekki útilokað að *Sturlunguhöfundur* hafi bætt inn í textann (sbr. Einar Ól. Sveinsson 1952:251). Í *Haukdæla þætti* segir hann t.a.m. frá atburðum, sem eiga að hafa gerst fyrir 1200, eftir munnlegum heimildum (Pétur Sigurðsson

29). Gæti hann því eins hafa haft munnmæli um bókmenntasmekk Sverris konungs. Þá er árið 1237 tímamót í *Sturlungu* en það ár önduðust báðir biskuparnir og einnig Þórður Sturluson. Jafnframt kristölluðust deilur Haukdæla og Sturlunga. Hefur verið bent á að höfundur samsteypunnar bætti inn í texta *Íslendinga sögu* á þessum stað (Pétur Sigurðsson 41-43). Það sama gæti verið upp á teningnum varðandi skálann á Staðarhóli. Einnig er athyglisvert að viðbætur Sturlunguhöfundar við ættartölubálkinn í samsteypunni þekkjast m.a. á því að liðirnir eru taldir aftur í tímann en að öðru leyti eru ættir raktar áfram í bálknum (Björn M. Ólsen 1902:383-85). Þá hefur hann líklega aukið við ættartölu Snorra Húnbogasonar lögsögumanns á Skarði í öðrum kafla *Sturlu sögu* en þar er ætt hans rakin allt aftur til Sigurðar orms-í-auga, sonar Ragnars loðbrókar. Í athugasgreininni um sagnaskemmtun segir einmitt að menn kunni að telja ættir sínar til Hrómundar Gripsonar. Hins vegar má sýna fram á að höfundurinn leitaðist við að gera *Prestssögu Guðmundar Arasonar* og *Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar* hlutlægari í frásögn (Úlfar Bragason 1986:139-151, 164-70; ennfremur Guðrún P. Helgadóttir). Þess vegna er frekar ósennilegt að hann bæti annars staðar inn í huglægum athugasemdum eins og er að finna í athugasgreininni um sagnaskemmtunina.

Sturlunguformálinn

Í *Geirmundar þætti* er sögð saga af því hvernig mönnum bregður til ætternis síns. Viðar kemur ættarmetnaður fram í samsteypunni, svo sem í ættartölubálknum, *Haukdæla þætti* og ættrakningu Skarðverja í *Geirmundar þætti* og ýmsum viðaukum (Úlfar Bragason 1993). Tengsl *Geirmundar þáttar* við Skarð á Skarðsströnd og ættatölur Skarðverja í samsteypunni hafa orðið til þess að höfundarins hefur verið leitað meðal þeirra. Hallast menn nú að því að sú tilgáta Guðbrands Vigfússonar sé rétt að höfundurinn hafi verið Þórður Narfason á Skarði (Guðbrandur Vigfússon ciii-cv). Þórður dvaldist hjá Sturlu Þórðarsyni eftir því sem *Sturlu þáttur* segir enda voru Þórður og Helga, kona Sturlu, af öðrum og þriðja lið að frændsemi. En eins og kemur fram í svokölluðum formála *Sturlungu* segist höfundurinn hafa þekkt Sturlu vel. Má gera ráð fyrir því að Sturla hafi kennt honum líkt og Snorri Sturluson mun hafa kennt Sturlu (Guðrún Ása Grímsadóttir 11-12).

Björn M. Ólsen taldi að höfundur *Sturlungu* hefði haft undir höndum safnrít sem Sturla Þórðarson hefði tekið saman, eins konar **frum-Sturlungu*, til að styðjast við. Í þessu verkí hefðu verið ættartölur, eftirrit *Sturlu sögu*, formáli Sturlu fyrir *Íslendinga sögu* og sagan sjálf (Björn M. Ólsen 1902:383-85, 391-93). Er það nú almennt ætlað að höfundurinn hafi stuðst við einhvers konar formála, sem Sturla muni hafa skrifað fyrir *Íslendinga sögu*, þegar hann ritaði *Sturlunguformálann* sem er á milli *Sturlu sögu* og

Prestssögu Guðmundar Arasonar í samsteypunni (Pétur Sigurðsson 155-62; Jón Jóhannesson 1946:xxvii; Sørensen 1992:336-38). Raunar er hér ekki um eiginlegan formála að ræða lengur og hefur Sverrir Tómasson bent á að erfitt sé að gera sér grein fyrir hvernig formáli Sturlu hafi verið af endursögn samsteypuhöfundarins en þar hafi a.m.k. verið upptalning heimilda og sagt frá tilefni ritunar sögunnar (Sverrir Tómasson 384-85).

Fyrri hluti *Sturlunguformálans* mun þó hafa verið eins konar greinargerð höfundarins um niðurröðun efnisins (Pétur Sigurðsson 157):

Margar sögur verða hér samtíða, ok má þó eigi allar senn rita: saga Þorláks biskups ins helga ok Guðmundar ins góða Arasonar, þar til er hann var vígðr til prests -, saga Guðmundar ins dýra hefst þrimr vetrum eftir andlát Sturlu ok lýkr þá, er Brandr biskup er andaðr, en Guðmundr inn góði er þá vígðr til biskups, - saga Hrafns Sveinbjarnarsonar ok Þorvalds Snorrasonar er samtíða sögu Guðmundar ins góða, ok lýkst hon eftir andlát Brands biskups, svá sem Sturla Þórðarson segir í *Íslendinga sögum* [1:115].

Hér skýrir höfundurinn þá aðferð sína að tengja svo saman margar einstakar sögur um viðburði sem gerst hafi samtímis að þeir komi nokkurn veginn í eðlilegri tímaröð. Jafnframt gefur hann upplýsingar um sum ritin sem hann notaði. Eins og margoft hefur verið bent á var höfundur *Sturlungu* mjög fróður um tímatal (Björn M. Ólsen 1902:508-09; Pétur Sigurðsson 5-11). Má sjá þess glögg merki í þessari greinargerð. Á árunum 1185-1202 fór fleiri sérstökum sögum fram en annars staðar í *Sturlungu*. Það leysti hann með því að hluta *Guðmundar sögu dýra*, *Íslendinga sögu* og *Prestssögu* sundur og skeyta bútunum saman í rétttri tímaröð, fella framan af *Hrafns sögu*, þannig að hún byrjar ekki fyrr en 1203 í samsteypunni, og bæta *Haukdæla þætti* við. Af orðum hans sést að hann hefur tekið mið af *Prestssögu* þannig að aðrar frásagnir eru ofnar inn í hana. Með þessu verða andlát Brands biskups 1201 og biskupsvígsla Guðmundar góða 1203 að sérstöku tímalsviðmiði í samsteypunni líkt og árið 1237.

Síðari hlutinn, sem að miklu leyti er talinn byggjast á formála Sturlu, er rökstuðningur fyrir sannindum frásagnarinnar eins og Preben Meulengracht Sørensen hefur bent á (Sørensen 1992:342-344):

Flestar allar sögur, þær er hér hafa gerzt á Íslandi, áðr Brandr biskup Sæmundarson andaðist, váru ritaðar, en þær sögur, er síðan hafa gerzt, váru litt ritaðar, áðr Sturla skáld Þórðarson sagði fyrir Íslendinga sögur, ok hafði hann þar til

vísindi af fróðum mönnum, þeim er váru á öndverðum dögum hans, en sumt eftir bréfum þeim, er þeir rituðu, er þeim váru samtíða, er sögurnar eru frá. Marga hluti mátti hann sjálf sjá ok heyra, þá er á hans dögum gerðust til stórtíðinda. Ok treystum vér þonum bæði vel tíi vits og einurðar at segja frá, því at hann vissa ek alvitrastan ok hófsamastan. Láti guð honum nú raun lofi betri [:115].

Höfundurinn leggur hér mat á heimildir sínar. Annars vegar vísar hann til þess að sögur um atburði sem gerðust fyrir 1201 hafi verið ritaðar áður en Sturla hóf að láta skrifa eftir sér frásagnir af samtímaviðburðum, þ.e. ekki löngu eftir að þeir áttu sér stað. Virðist hann telja það eitt nægja til að færa sönnur á sannleiksgildi þeirra. Hins vegar gerir hann grein fyrir heimildum Sturlu sagnritara: vísindum fróðra manna, ritheimildum og reynslu hans sjálfs. Frásögn Sturlu er með öðrum orðum trúverðug af því hún er eftir sjónar- og/eða heyrnarvottum eða ritheimildum (sjá Sverrir Tómasson 194-208, 222-36). Síðast fer höfundurinn fögrum orðum um Sturlu til að auka traust manna enn frekar á aðalheimild *Sturlungu*.

Fræðimenn hafa ekki verið sammála um hvaða sögur höfundurinn er að fjalla í fyrstu málsgreininni hér að ofan: er átt við flest allar sögur sem gerst hafa á Íslandi, bæði Íslendinga sögur og samtíðarsögur, eða aðeins sögurnar í *Sturlungu* sem gerðust fyrir andlát Brands biskups? Preben Meulengracht Sørensen hefur síðast fjallað um þetta efni og tekið upp þá gömlu skoðun að einnig sé átt við Íslendinga sögur. Telur hann þessi orð komin beint úr formála Sturlu fyrir *Íslendinga sögu* og hann hafi með þeim m.a. vísað til frásagna *Landnámu* sinnar og jafnvel *Kristni sögu*. Sé unnt að túlka orðin svo að Sturla og samtímamenn hans hafi tekið frásagnir Íslendinga sagna trúanlegar af því að búið var að skrifa þær (Sørensen 1992). Eðlilegra virðist þó að skoða þessa málsgrein í því samhengi sem hún stendur í greinargerð Sturlunguhöfundar og líta svo á að einvörðungu sé átt við sögurnar í samsteypunni (sjá Björn M. Ólsen 1910). Höfundurinn er aðeins að gera grein fyrir niðurskipan efnis í riti sínu og heimildum og sannleiksgildi frásagnar sinnar.

Sagnaskemmtun

Eins og fyrr sagði er það einkum tvennt sem menn hafa velt fyrir sér í sambandi við túlkun athugasgreinarinnar um sagnaskemmtun á Reykhólum: annars vegar hvert hafi verið tilefni hennar og hins vegar hvaða sannleika höfundur vildi bera vitni. Sögurnar sem sagðar voru í Reykhólabrúðkaupinu hafa ekki varðveist. Af öðrum frásögnum er þó vitað að **Hrómundar saga Gripssonar* hefur verið forneskjusaga og flestir álíta að **Orms saga Barreyjarskálds* muni

hafa verið sams konar saga. Þó telur Preben Meulengracht Sørensen að hún hafi hugsanlega gerst á svipuðum tíma og Íslendinga sögur (Sørensen 1993:47-48). Athugagreinin hefur verið tekin til vitnis um að forneskjusögur hafi fyrst verið sagðar í Reykhólabrúðkaupinu svo menn vissu (Heusler 27) eða jafnvel sem vitnisburður um að þær hafi þegar verið skrifaðar árið 1119 (Hermann Pálsson 56). Einnig hefur því verið haldið fram að höfundur greinarinnar hafi viljað efla virðingu fyrir fornaldarsögum sem bókmenntagrein (See). Heldur er þó ólíklegt að vakað hafi fyrir höfundinum að gefa bókmenntasögulegar upplýsingar. Það er miklu sennilegra að athugagreinin sé til orðin vegna þess að menn hafi deilt um sannfræði sagnanna (sjá Einar Ól. Sveinsson 1965:23; sbr. Sørensen 1993:45). Að minnsta kosti hefur höfundur *Sturlungu* vafalaust skilið greinina svo að hún fjallaði um heimildargildi sagnanna sem sagðar voru því að annars hefði hann fellt hana brott. Það skipti engu máli fyrir atburðarásina í *Þorgils sögu ok Hafliða* hverjir skemmtu eða hverju skemmt var í brúðkaupinu. En í greininni hefur hann séð hliðstæðu við greinargerðina fyrir heimildum *Íslendinga sögu* í formála Sturlu. Líklega hefur hún einnig minnt hann á formála *Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar*, sem hann hefur þekkt þótt hann notaði hann ekki í samsteypu sinni.

Skiptar skoðanir hafa verið um það hvort önnur málsgreinin í athugagreininni vísi til þess sem segir áður um hverjir skemmtu og með hverju skemmt var eða eigi við umræðurnar um sannleiksgildi frásagna Hrólfis og Ingimundar. Eðlilegast virðist að fyrri hlutinn a.m.k. vísi til málsgreinarinnar á undan þótt það þurfi ekki að túlka svo að menn hafi deilt um hverjir hafi samið umræddar sögur (sbr. Foote 1955-56:233-34). Síðari hlutinn er hins vegar svo almennt orðaður að hann gæti haft miklu víðtækari skirskotun. Í því efni er réttara að bera orð athugagreinarinnar saman við formála *Hrafns sögu* en forneskjusagna eins og Kálund gerði því að höfundurinn þekkti þann formála fyrir víst. Þar segir:

Atburðir margir, þeir er verða, falla mönnum opt ór minni, en sumir eru annan veg sagðir en verit hafa, ok trúá því margir, er logit er, en tortryggja þat satt er. En fyrir því, at aptr hverfr lygi, þá er sönnu mætir, þá ætlum vér at rita nökkura atburði, þá er gqrzk hafa á várum dögum, á meðal vár kunnra manna, sem vér vitum sannleik til [1].

Höfundur *Hrafns sögu* gerði sér grein fyrir að minni manna er brigtult en áleit að hann hefði betri heimildir um atburði sögu sinnar en aðrir. Svipað mun upp á teningnum með höfund athugagreinarinnar í *Þorgils sögu ok Hafliða* (Foote 1955-56:232-33). Hún ber sannleiksást hans varðandi sagnaskemmtunina vitni og eykur um leið traust manna á annað í frásögn hans.

Sagt er í athugasgreininni að Hrólfr frá Skálmarnesi hafi sjálfur sett saman söguna sem hann sagði. Það er álit fræðimanna að orðin „setja saman“ sé þýðing á latnesku sögninni *componere*. Eins og oft hefur verið bent á hefur orðið margs konar merkingu, m.a. að semja í rituðu máli (sjá Heusler 26; Hermann Pálsson 52-53). Heldur er þó ólíklegt að sagan hafi verið skrifuð þegar 1119. Aðrar upplýsingar benda til að fram um miðja 12. öld hafi einkum lög, ættartölur, þýðingar helgar og fræði verið rituð á bókfell. Forneskjusögur svipaðar og **Hrómundar saga* eru heldur ekki til nema í miklu yngri handritum og gefur það vísbendingu um að þær hafi ekki verið skrifaðar svo snemma (Jakob Benediktsson). Það er því sennilegast að sú tilgáta Einars Ól. Sveinssonar sé rétt að höfundur athugasgreinarinnar hafi notað orðin „setja saman“ „yfir hugtakið 'að semja sögu að efni til í huga sér' eða 'á munnlegu stigi'“ (Einar Ól. Sveinsson 1965:24). Hins vegar er alls óvíst hvort hann áleit Hrólfr hafa diktað söguna upp. Orðalagið að segja „sögu frá Hröngviði víkingi ok frá Ólafi Liðsmannakonungi ok haugbroti Þráins berserks ok Hrómundi Gripssyni - ok margar vísur með“ gefur til kynna að hann sé að telja upp söguliði eða þætti í frásögn (sbr. Clover). Samkvæmt *Sturlu þætti* sagði Sturla **Huldar sögu* betur og fróðlegar en konungsmenn höfðu fyrr heyrt. Það sýnir að fólk var meðvitað um að unnt var að segja alþekktu sögu á fleiri en einn hátt, bæði hvað varðaði efni og framsetningu. Breytir engu þótt Sturla hafi lesið söguna af bók eins og virðist mega marka af þættinum. Orðin „setja saman“ segja því líklegast ekkert um hversu rauntrúa höfundur *borgils sögu ok Hafliða* áleit sögu Hrólfs vera. Enda er Hrólfr kynntur til sögunnar sem „sagnamaður ok orti skipuliga[14]“ en „sagnamaður“ á við þann sem kann að segja sögur og fer með þær en gefur ekkert til kynna um innihald frásagna hans.

Í athugasgreininni er einnig sagt að Ingimundur prestur hafi ort flokk við enda **Orms sögu Barreyjarskálds*. En þegar hann er nefndur til sögunnar í upphafi er þess getið að hann hafi verið „fræðimaður mikill ok fór mjök með sögur ok skemmti vel kvæðum ok orti. Góð kvæði gerði hann sjálf ok þá laun fyrir útanlands [13-14].“ Síðar er sagt að hann hafi verið „skáld gott“ og „inn mesti gleðimaður ok fekk margt til skemmtunar [23]“. Orðið „skáld“ var haft um þann sem orti kvæði og gerir höfundur greinarmun á þeim sem fór með kvæði og hinum sem samdi þótt það geti verið sami maðurinn eins og Ingimundur. Hins vegar segja *Sturlu þætti* „fræðimaður mikill ok fór mjök með sögur“ aðeins að Ingimundur hafi verið margs fróður og oft sagt sögur. Ekki hefur það þurft að fara saman eftir orðanna hljóðan þótt svo hafi verið um Ingimund. Ekkert í lýsingunni á Hrólfi og Ingimundi gefur því ótvírætt til kynna að höfundurinn hafi litið á þá sem höfunda sagnanna sem þeir sögðu og viljað koma því á framfæri.

Því virðist ljóst að athugasgreinin fjallar um hvort taka eigi sögur Hrólfs og Ingimundar trúanlegar eða ekki. Af þeim sökum er þeim lýst eins og raun ber vitni í sögunni og þess vegna hefur höfundurinn skrifað athugasemdir sínar um sagnaskemmtunina. Annars vegar hefur það stráð óvissu um sannleiksgildi forneskjusagna að Sverrir konungur kallaði þær lygisögur. Hins vegar hefur flokkurinn sem Ingimundur orti við enda **Orms sögu* vakið upp efasemdir. Má það vera vegna þess að flokkurinn hafi verið lagður í munn söguhetjunnar (Foote 1955-56:237-38).

Sverrir Tómasson gerir því skóna „að sagnaskemmtan hafi einkum verið bundin við ákveðna sagnaflokka [318].“ Hafi sögurnar aðallega verið um konunga þá sem komust í miklar mannraunir. Þær gátu verið sannar án þess að þurfa að vera það og voru sagðar mönnum til eftirbreytni. Frásagnir eru þó um að almenn tíðindi hafi verið sögð bæði til fróðleiks og skemmtunar og útferðarsaga Haralds harðráða sem Íslendingurinn sögufróði sagði var um samtímaefni en ekki úr forneskju (Einar Ól. Sveinsson 1965:22).

Formáli *Hrafns sögu* vitnar um að samtímaöðnum höfundar *Þorgils sögu ok Hafliða* var ljóst að frásagnir af viðburðum úr samtíðinni gengust til. Því hljóta menn að hafa efast enn frekar um sannfræði sagna úr forneskjunni. Snorri glímir við þennan vanda í formála *Heimskringlu* og segir:

Á bók þessi lét ek rita fornar frásagnir um höfðingja þá, er ríki hafa haft á Norðurlöndum ok á danska tungu hafa mælt, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja, svá ok nökkurar kynslóðir þeira eptir því, sem mér hefir kennt verit, sumt þat, er finnsk í langfeðgatali, þar er konungar eða aðrir stórættaðir menn hafa rakit kyn sitt, en sumt er ritat eptir fornum kvæðum eða söguljóðum, er menn hafa haft til skemmtanar sér. En þótt vér vitim eigi sannendi á því, þá vitum vér dæmi til, at gamlir frœðimenn hafi slíkt fyrir satt haft [3-4].

Snorri tekur ekki ábyrgð á sannindum frásagna og kvæða um löngu liðna höfðingja en skýlir sér á bak við að gamlir fræðimenn hafi haft slíkt fyrir satt. Sama vanda virðist höfundur *Þorgils sögu ok Hafliða* eiga við að etja. En gagnstætt þeim sem síðast hafa skrifað um viðhorf hans tel ég hann vera að færa sönnur á að sögurnar geti verið sannar enda hafi fróðir menn farið með þær svo hann viti þegar í Reykhólabrúðkaupinu. Rök hans eru svipuð og Snorra: annars vegar að fólk taldi ættir sínar til Hrómundar Gripssonar svo að hann hlýtur að hafa verið til, hins vegar að margir fróðir menn trúu á sannleiksgildi **Orms sögu*. Ekkert mælir gegn því að Ingimundur prestur gæti hafa verið meðal þeirra. Ef þetta er réttur skilningur

þá beinist gagnrýni höfundarins að Sverri konungi, sem kallaði slíkar sögur lygisögur, og öðrum er voru sama sinnis.

Á hinn bóginn sést ekki af athugasgreininni hvers vegna höfundinum var í mun að trúa sögunum, sem hafðar voru til skemmtunar á Reykhólum, enda breytir það ekki neinu um sannleiksgildi frásagnar hans. Í sögum þessum gæti hann þó hafa fundið siðferðislegan lærdóm sem höfðingjum væri gott að hlýða á líkt og saga hans virðist ætluð þeim til fordæmis (Jón Jóhannesson 1946:xxiv-xxv). Ég hef á öðrum vettvangi fært rök fyrir því að **Huldar saga* sú sem Sturla Þórðarson á að hafa sagt Magnúsi lagabæti og Ingilborgu drottningu hafi fjallað um Huld seiðkonu sem *Ynglinga saga* segir frá. Sturla hafi ætlað konungi að læra af sögu sinni og það hafi tekist (Úlfar Bragason 1990). Líklegast er að höfundur *Þorgils sögu ok Hafliða* hafi lagt svipaðan skilning í sagnaskemmtun Hrólfis og Ingimundar.

Auðvitað mætti hugsa sér að höfundur athugasgreinarinnar væri að spaugast líkt og Kálund gerði en orðalagið bendir ekki til þess. Honum er þvert á móti furðu mikið niðri fyrir. Varla hefur Sturlunguhöfundur heldur tekið greinina sem spaug því að hann rakti ættir Skarðverja til Ingólfs Arnarsonar í *Geirmundar þætti* og hefur vafalaust vitað að Sturla sagnritari taldi Ingólf afkomanda Hrómundar Gripssonar (*Landnáma* 38). Það er því miklu nær að halda að hann hafi viljað trúa sögu Hrólfis. Að visu sótti Sturlunguhöfundur ekki fróðleik í *Sturlubók* heldur **Styrmisbók Landnámu*, þegar hann tók saman *Geirmundar þátt* og *Haukdæla þátt*. Það mun þó frekar hafa verið vegna þess að hann hafði ekki *Sturlubók* við höndina en að hann hafi ekki treyst henni (Jón Jóhannesson 1941:165-70, 216-18). Hann hefur heldur varla tortryggt sögu Ingimundar þótt hann hafi ort flokkinn. Í greinargerðinni fyrir heimildum Sturlu Þórðarsonar fyrir *Íslendinga sögu* kallar hann Sturlu skáld án þess að það dragi nokkuð úr trausti hans á sannsögli hans.

Viðhorf Sturlunguhöfundar

Sturlunguhöfundur hafði lítinn áhuga á að lýsa veraldlegum höfðingjum sem dýrlingum eins og niðurfellingar hans úr *Hrafns sögu* sýna. Hann hafði því ekkert að gera með formála þeirrar sögu enda tilgangur höfundar hennar að mæra Hrafn og lýsa gæsku hans. En athugasgreininni í *Þorgils sögu ok Hafliða* hefur hann haldið af því að hún samræmdist áformum hans. Líkt og hann notaði hluta úr formála Sturlu Þórðarsonar fyrir *Íslendinga sögu* til að gera grein fyrir sannfræði sagnanna í samsteypuritinu hefur athugasgreinin líklega átt að sannfæra áheyrendur um sannleiksgildi *Geirmundar þáttar heljarskinns* og jafnvel ýmiss annars efnis sem hann bætti inn í samsteypuna. Enda er vitnað til **Hróks sögu ins svarta* í þættinum en bæði Geirmundur og Hrómundur Gripsson voru taldir

afkomandur Hróks (Hermann Pálsson 60-63). Athugasagreininni hefur verið ætlað að sýna að þess konar sögur voru svo gamlar að þær voru sagðar í brúðkaupinu 1119 eða frá þeim tíma þegar elstu rit voru færð í letur á Íslandi.

Í fyrirlestri sem ég flutti á áttunda fornsagnaþinginu í Gautaborg fyrir þremur árum benti ég á að breytingar Sturlunguhöfundar á sögunum, sem hann steypdi saman, og viðbætur hans, einkum *Geirmundar þáttur heljarskinns* og *Haukdæla þáttur*, vitni um skoðanir hans á stöðu höfðingjastéttarinnar á Íslandi eftir að hún gekk Noregskonungi á hönd (Úlfar Bragason 1991). Höfundurinn sneið t.a.m. framan af *Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar* þannig að ekki er fjallað um utanferðir Hrafns í samsteypunni. Líklega hefur hann einnig fellt brott upphaf og niðurlag *Þórðar sögu kakala* þar sem sagt hefur verið frá konungsþjónustu Þórðar. Þá tók hann hvorki *Þorgils sögu skarða* né *Sturlu þátt*, sem lýsa góðum samskiptum Sturlunga við Noregskonunga, með í samsteypu sína þótt bæði ritin séu trúlega eldri en verk hans. Jafnframt jók hann hlut Haukdæla með því að bæta *Haukdæla þætti* og nokkrum smágreinum um þá inn í samsteypuna svo að draga má þá ályktun að honum hefði verið meira að skapi að Ísland hefði haft jarl til frambúðar.

Sturlunga er ekki þjóðarsaga heldur höfðingjakrönika sem dregur fram hlut sumra ætta á kostnað annarra þrátt fyrir hlutleysi á yfirborðinu. Í samsteypunni er greinilega meira sagt frá valdaættum í Vestfirðingafjórðingi en annars staðar. Höfundi er þó í mun að halda Haukdælum fram enda var Þórður Narfason á Skarði í móðurætt frá þeim kominn. Engu síður er ólíklegt að höfundurinn hafi skrifað *Geirmundar þátt* eingöngu vegna þess að saga landnámsmannsins tengdist Skarði á Skarðsströnd (sbr. Jón Jóhannesson 1946:xxi). Þátturinn er að vísu í tengslum við ættarmetnað hans sem kemur fram í ættartölunum í lok hans og ýmsum viðaukum annars staðar í samsteypunni. Ættfræðiáhugi og metnaður Íslenskra höfðingja leiddi til þess að stöðugt var fleiri og fleiri liðum spunnið framan við ættartölur þeirra (Faulkes 92-106). Meðal annars töldu Skarðverjar ættir til Hámundar heljarskinns, bróður Geirmundar. Frásagnir úr fornaskju og síðan ritun fornaldarsagna má vafalaust að einhverju leyti rekja til þessa ættfræðiáhuga (sjá Hermann Pálsson 63). Jafnframt hafa menn dregið dæmi af þessum sögum um forfeðurna og það hefur höfundur *Sturlungu* ætlað áheyrendum samsteypunnar að gera.

Á það hefur verið bent að með lagaritun, ættartölum, *Fyrstu málfræðiritgerðinni* og *Íslendingabók* Ara hafi Íslendingar lýst sögulegri og menningarlegri sérstöðu sinni meðal norrænna manna án þess að það væri þó beinlínis tilgangur þessara rita (Hastrup 69-82). Nýtt land hafði verið numið af göfugum mönnum sem höfðu flúið undan ofríki Haralds konungs hárfagra, að því er sagt var, til

að vera áfram sjálfs sín herrar. Þar settu þeir sér lög og skiptu völdum. Engu síður héldu þeir fram þeirri skoðun að uppruni þeirra og réttarskipun stæðu föstum fótum í Noregi. Það má vera að valdastéttin hafi notfært sér landnámssagnir til að réttlæta völd sín í landinu. En það er einnig líklegt að vissan um göfugt ætterni og uppruna í Noregi hafi auðveldað Noregskonungi að sannfæra íslenska höfðingja um að best færi á því að þeir væru skattgildir sér, ekki síst þegar þeir höfðu kynnst hugmyndum lénsskipulagsins (sjá Sørensen 1974; Hastrup 83-102).

Fyrir *Sturlungu* er enginn eiginlegur formáli en *Geirmundar þáttur* er inngangur höfundarins að samtíðarsögunum sem hann steypiti saman. Þó er þátturinn svo einkennilegt upphaf að samtíðarkröniku og stingur svo í stúf við frásagnarefnið sem á eftir fer að höfundurinn hlýtur að hafa ætlað honum ákveðið hlutverk. Í þættinum segir frá einum af hinum glæstu forfeðrum höfðingjastéttarinnar á Íslandi, konungbornum kappa, frjálsum til aðgerða, auðugum, órlátum og réttsýnum heiðingja. Í *Landnámabók* Sturlu er Geirmundur talinn meðal ættgöfugustu landnámsmanna í Vestfirðingafjórðungi. Eðlilegast er því að álykta að hann sé sú fyrirmynd sem höfundurinn vill gefa íslenskum valdamönnum um aldamótin 1300. Með þættinum hefur hann viljað halda á loft pólitískum og siðferðilegum hugmyndum sem íslensku höfðingjarnir á 12. og 13. öld reistu völd sín á. Þessar hugmyndir áttu nú erfitt uppdráttar vegna valdagirni konungsstjórnarinnar (Björn Þorsteinsson, Sigurður Líndal 80-92). Því reið á að sannfæra áheyrendurna um að frásagnir af Geirmundi væru sannferðugar en ekki hugarburður.

Eins og Jón Jóhannesson hefur gert grein fyrir, setti Sturlunguhöfundur *Geirmundar þátt* saman úr efni sem hann sótti í *Landnámu*, **Hróks sögu ins svarta* og munnlegar frásagnir (Jón Jóhannesson 1941: 165-70, ennfremur Jón Jóhannesson 1946: xxi-xxii). Honum var því fullkunnugt um þann möguleika að segja sögu sem byggðist á mörgum sagnaliðum líkt og Hrólfur í Skálmarnesi virðist hafa gert á Reykhólum. Einnig hefur hann vitað að saga þurfti hvorki alltaf að hafa alla sagnaliðina að geyma né segja jafnýtarlega frá. **Hróks saga* hefur líklega aðeins drepíð á landnám Geirmundar, *Landnáma* sú sem hann notaði sagði minna um uppruna Geirmundar en **Hróks saga* og hvorug heimildin hafði þjóðsöguna um reynirunnann í Skarðslandi. Orðalagi mátti líka hnika til, stytta eða gera fyllra líkt og frásögn hans af tilefni vísu Braga skálds ber vitni um. Engu síður hefur sagan verið trúverðug í hans augum. Frásögnin af sagnaskemmtunni á Reykhólum hefur átt að efla trú áheyrendanna á sannindi *Geirmundar þáttar* ekki síður en staðfræðin í þættinum og ættrakingarnar frá Geirmundi.

Með því að velja göfugan landnámsmann að fyrirmynd féll ekki á hana skuggi samtímaviðburða, friðrofa og mannvíga, sem

Sturlunguhöfundur ætlaði að rekja í kröniku sinni (sbr. Tranter 239-41). Á þeim árum sem *Sturlunga* mun hafa verið tekin saman stóðu Íslenskir höfðingjar í valdastreitu við konungsstjórnina. Gerðu þeir það m.a. að kröfu sinni þegar Hákon háleggur var hylltur að lögmenn og syslumenn skyldu vera Íslenskir og af þeim ættum sem höfðu gefið upp goðorð (Björn Þorsteinsson, Sigurður Lindal 82-84). Skarðverjum hefur verið fullkunnugt um kröfur höfðingjanna því að Þórður Narfason var lögmaður um þetta leyti. Í ljósi þess er það eftirtektarvert að Geirmundur heljarskinn hafnar þeirri skýringu *Landnámabókar* að Geirmundur heljarskinn færi til Íslands vegna ofríkis Haralds konungs hárfagra heldur segir: „En ek hefi þat heyrt, at í þann tíma, er þeir bræðr kómu ór vestrvíking, væri sem mest orð á, at engi þætti vera frægðarför meiri en fara til Íslands. Ok af því inu sama vildi Geirmundr sigla burt þegar um sumarit [1:7].“ Geirmundur hafði því ekki látið undan þvingunum Noregskonungs þegar hann flutti búferlum heldur þóttist af þeim maður meiri.

Innanlandserjurnar á 12. og 13. öld höfðu verið mikil blóðtaka fyrir höfðingjastéttina og völd hennar voru ekki trygg. Engum var það ljósar en Sturlunguhöfundi. Því fremur hefur hann viljað styrkja stöðu sína og annarra innlendra valdamanna með ættartölum og frásögnum um göfugan uppruna. Deilur höfðingjanna við konungsstjórnina hafa varla orðið til þess að hann teldi Sverri konung neina lögrétta í bókmenntaefnum. Enda hefur hann verið einn þeirra fróðu manna sem kunnu „at telja ættir sínar til Hrómundar Gripssonar.“

Heimildaskrá

Útgáfur

- Hálfs saga ok Hálfsrekka*. Útg. Guðni Jónsson. Fornaldar sögur Norðurlanda 2. Akureyri: Íslendingasagnaútgáfan, 1954. 93-134.
- Heimskringla*. Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. 3 bindi. Íslensk fornrit 26-28. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1941-51. 1. bindi.
- Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*. Útg. Guðrún P. Helgadóttir. Oxford: Clarendon, 1987.
- Íslendingabók, Landnámabók*. Útg. Jakob Benediktsson. Íslensk fornrit 1. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.
- Sturlunga saga*. Útg. Kristian Kálund. 2 bindi. Kaupmannahöfn: Det kongelige nordiske oldskrift-selskab, 1906-11.
- Sturlunga saga*. Útg. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn. 2 bindi. Reykjavík: Sturlunguútgáfan, 1946.
- Þorgils saga ok Hafliða*. Útg. Ursula Brown. London: Oxford UP, 1952.

Önnur rit

- Andrews, A. L. 1911-12. „Studies in Fornaldarsögur Norðurlanda I: The Hrómundar saga Gripssonar.“ *Modern Philology* 8:527-44; *Modern Philology* 9:371-97.

- Björn M. Ólsen. 1902. *Um Sturlungu*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta 3. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag. 193-510.
- . 1910. *Om den saakaldte Sturlunga-prolog og dens formodede vidnesbyrd om de islandske slægtsagaers alder*. Christiania videnskabs-selskabs forhandlinger 6. Christiania [Oslo]: s.n.
- Björn Þorsteinsson, Sigurður Lindal. 1978. „Lögfesting konungsvald.“ *Saga Íslands*. Ritstj. Sigurður Lindal. 5 bindi til þessa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag; Sögufélag, 1974-. 3:19-108.
- Brown, Ursula. 1952. *Inngangur. Þorgils saga ok Hafliða*. Útg. Ursula Brown. London: Oxford UP. ix-ixii.
- Clover, Carol J. 1986. „The Long Prose Form.“ *Arkiv för nordisk filologi* 101: 10-39.
- Einar Ól. Sveinsson. 1952. Ritd. um *Þorgils sögu ok Hafliða*, útg. Ursula Brown. *Skírnir* 126:249-52.
- . 1965. *Ritunartími Íslendingasagna: Rök og rannsóknaraðferð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Faulkes, Anthony. 1978-79. „Descent from the Gods.“ *Mediaeval Scandinavia* 11: 92-125.
- Finnur Jónsson. 1923. *Den oldnorske og oldíslandske litteraturs historie*. 2. útg. endursk. 2. bindi. Kaupmannahöfn: Gad, 1920-24. 3 bindi.
- Foot, Peter G. 1955. „Notes on the Prepositions of and um(b) in Old Icelandic and Old Norwegian prose.“ *Studia Islandica* 14. Reykjavík: Leliftur. 41-83.
- . 1955-56. „Sagnaskemtan: Reykjahólar 1119.“ *Saga-Book* 14:226-39.
- Guðbrandur Vigfússon. 1878. *Prolegomena. Sturlunga saga*. Útg. Guðbrandur Vigfússon. 2 bindi. Oxford: Clarendon. 1: xv-ccxiv.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 1988. „Sturla Þórðarson.“ *Sturlustefna*. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson. Rit Stofnunar Árna Magnússonar 32. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar. 9-36.
- Guðrún P. Helgadóttir. 1993. „Hrafns saga Sveinbjarnarsonar and Sturlunga saga.“ *Gripla* 8:55-80.
- Halldór Hermannsson. 1945. *Inngangur. The Saga of Thorgils and Haflið*. Útg. Halldór Hermannsson. *Islandica* 31. Ithaca: Cornell UP. i-xxx.
- Hastrup, Kirsten. 1990. *Island of Anthropology: Studies in past and present Iceland*. Viborg: Odense UP.
- Hermann Pálsson. 1962. *Sagnaskemmtun Íslendinga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Heusler, Andreas. 1914. *Die Anfänge der isländischen Saga*. Abhandlung der königl. preuss. Akademie der Wissenschaften. Sérprent. Berlin: Königl. Akademie der Wissenschaften.
- Jakob Benediktsson. 1983. „Fornaldarsögur Norðurlanda.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands; Mál og menning. 93-94.
- Jón Jóhannesson. 1941. *Gerðir Landnámabókar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- . 1946. „Um Sturlunga sögu.“ *Sturlunga saga*. Útg. Jón Jóhannesson et al. 2 bindi. Reykjavík: Sturlunguútgáfan. 2:vii-lvi.
- Káldund, Kristian. 1901. „Om håndskrifterne af Sturlunga saga og dennes enkelte bestanddele.“ *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*. 259-300.
- Liestøl, Knut. 1945. „Til spørgsmålet om dei eldste íslenske danskvæde.“ *Arv* 1: 69-100.
- Pétur Sigurðsson. 1933-35. *Um Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta 6. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- See, Klaus von. „Das Problem der mündlichen Erzählprosa im Alt-nordischen.“ *Skandinavistik* 11:89-95.
- Sigurður Nordal. 1953. „Sagalitteraturen.“ *Litteraturhistorie B: Norge og Island*. Ritstj. Sigurður Nordal. Nordisk kultur 8B. Stockholm: Bonnier. 180-288.
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum: Rannsókn bókmenntahefðar*. Rit Stofnunar Árna Magnússonar 33. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

- Sørensen, Preben Meulengracht. 1974. „Sagan um Ingólf og Hjörleif: Athugasemd um söguskoðun íslendinga á seinni hluta þjóðveldisaldar.“ *Skírnir* 148:20-40.
- . 1992. „Næsten alle sagaer var skrevet: En kommentar til den såkaldte Sturlunga-prolog.“ *Eyvindarbók*. Ritstj. Finn Hødnebo et. al. Oslo: Universitetet i Oslo. 333-46.
 - . 1993. *Fortælling og ære. Studier i islændingesagaerne*. Århus: Aarhus universitetsforlag.
- Tranter, Stephen N. 1987. *Sturlunga saga: The Role of the Creative Compiler*. Frankfurt: Lang.
- Úlfar Bragason. 1986. „On the Poetics of *Sturlunga*.“ Doktorsritg. Berkeley.
- . 1990. „Um hvað fjallaði Huldar saga?“ *Timarit Máls og menningar* 51.4:76-81.
 - . 1991. „*Sturlunga*: A Political Statement.“ *The Audience of the Sagas*. 2 bindi. Gautaborg: Göteborgs universitet. 2:315-22.
 - . 1993. „Um ættartölur í *Sturlungu*.“ *Timarit Máls og menningar* 54.1:27-35.